

FERÐASKILMÁLAR VITA

BÓKUNARGJALD

Þegar bókað er á söluskrifstofu VITA greiðist 2.900 kr. bókunargjald á mann sem er óendurkræft.

STAÐFESTINGARGJALD FERÐA

Staðfestingargjald VITA í allar almennar ferðir er 40.000 kr. á mann og 80.000 kr. á mann í sérferðir og skemmtisiglingar.

FULLNAÐARGREIÐSLA

Fullnaðargreiðslu þarf að ganga frá minnst 6 vikum fyrir brottför í allar ferðir nema sérferðir og skemmtisiglingar sem þarf að fullgreiða minnst 10 vikum fyrir brottför. Ef greiðsluskilmálar samstarfsaðila ganga lengra en okkar þá gilda þeir.

GREIÐSLUDREIFING OG KJÖR

VISA & Mastercard

Boðið er upp á greiðsludreifingu í samstarfi við VISA (Valitor) og MASTERCARD (Borgun). Minnst er hægt að dreifa greiðslum á 3 mánuði og mest í 36 mánuði. Lántökukostnaður er mismunandi eftir fyrirtækjum. VISA og Mastercard bjóða uppá rafræn skilríki og þá er hægt að greiða símleiðis.

Netgíró

Einnig er hægt að greiða með Netgíró og þá er greitt í einni greiðslu til VITA og hægt að skipta greiðslum hjá Netgíró samkvæmt þeirra reglum hverju sinni.

FORFALLAGJALD

Forfallagjald býðst farþegum VITA í leiguflugi. Forfallagjaldið er 3.500 kr (frá 1.apríl 2019). Sjálfsábyrgðin á forfallagjaldinu er að lágmarki 15.000 kr (innifalið í því er forfallagjaldið, bókunargjald og sjálfsábyrgðin). Allur lántökukostnaður er einnig óafturkræfur sem og breytingargjöld.

Um forfallagjaldið

Forfallagjaldið tryggir endurgreiðslu á þeim hluta fargjalds og gistikostnaðar sem þegar er greiddur og ekki fæst endurgreiddur annars. Þ.e ef farþegi getur ekki farið í fyrirhugaða ferð vegna: dauðsfalls, skyndilegs alvarlegs sjúkdóms eða slyss sem krefst sjúkrahússvistar hans, maka hans, hvort sem um er að ræða maka samkvæmt hjónabandi eða staðfestri samvist, sambýlismaka, barns farþega eða barnabarns, foreldra hans eða

tengdaforeldra, afa hans, ömmu eða systkina (framvísa þarf vottorði), verulegs eignatjóns á heimili hans eða einkafyrirtæki sem gerir nærveru hans nauðsynlega (lögregluskýrsla liggi fyrir). Framangreind tilvik skulu vera þess eðlis að óhjákvæmilegt sé að afturkalla áður gerða pöntun.

Þegar ferð er afturkölluð af ástæðum sem taldar eru upp hér að ofan þá þarf viðskiptavinur að skila inn vottorði í síðastalagi tveim vikum eftir fyrirhugaðan brottfarardag. Eins og áður segir þá heldur VITA eftir sjálfsábyrgðinni upp að lágmarki 15.000 kr. (forfallagjald, bókunargjald og sjálfsábyrgð) auk alls breytingagjalda sem gætu hafa lagst á í bókunarferlinu. Einnig er allur lántökukostnaður óafturkræfur.

Athugið að:

- Ekki er hægt að greiða forfallagjald vegna áætlunarflugs, sérferða og siglinga.
- Ef viðskiptamaður á jafnframt rétt á bótum úr vátryggingu vegna sama tjónsatburðar greiða VITA aðeins hlutfallslegar bætur.
- Skýri viðskiptamaður sviksamlega frá eða leyni atvikum er skipta máli um endurgreiðsluskyldu VITA, glatar hann rétti sínum á hendur félaginu

Gildistaka forfallagjalds

Það er skilyrði fyrir því að endurgreiðsluréttur stofnist að:

- Forfallagjaldið sé greitt við bókun ferðar/flugs
- Viðskiptavini sé ekki kunnugt um tjón eða hafi grun um að yfirvofandi tjón sem stofnar til endurgreiðsluréttar, þegar forfallagjaldið er greitt.

Endurgreiðsluréttur gildir frá þeim tíma sem greindur er í ferðaskjölum/kvittun fyrir greiðslu þess og fram að tveim vikum fyrir brottför. Athugið að ekki er hægt að kaupa forfallagjald eftir að bókun hefur verið framkvæmd og staðfest.

Undanskilin áhætta forfallagjalds

Engurgreiðsluréttur stofnast ekki vegna eftirfarandi tjónstilvika:

- a) Tjóna sem verða vegna meiðsla sem men veita sjálfum sér vísvitandi;
- b) Tjóna sem verða vegna veikinda sem tengja má til neyslu áfengra drykkja eða lyfja, utan lyfja sem tekin eru samkvæmt læknisráði, að frátöldum lyfjum vegna læknismeðferðar vegna notkunar ávana- og fíkniefna;
- c) Tjóna sem beint eða óbeint eru af völdum kjarnabreytingar, jónandi geislunar, mengunar af geislavirkum efnum, kjarnaeldsneytis og kjarnaúrgangsefnis eða af

völdum styrjalda, innrásarhernaðaraðgerða, borgararósta, uppreisnar, uppbots eða svipaðra aðgerða. Sama gildir um tjón sem beint eða óbeint eru af völdum jarðskjálfta, eldgosa, flóða, skriðufalla eða annarra náttúruhamfara;

- d) tjóna sem verða vegna niðurfellingar eða seinkunar leiguflugs,
- e) tjóna sem verða vegna sjúkdóms sem viðskiptamaður var haldinn er forfallagjald var greitt, eða meðferðar hans vegna sjá b-lið
- f) þjónustugjalda s.s. bókunargjalda, lántökukostnaðar, sjálfsábyrgðar, breytingargjalda og endurgreiðslugjalda.

BREYTING Á FERÐ

VITA býður viðskiptavinum sínum upp á að breyta ferðum sínum í leiguflugi gegn greiðslu. Breyting er þó háð framboði ferða og þar af leiðandi að laust sé á þeim dagsetningum sem viðskiptamaður óskar eftir. Ekki er hægt að breyta ferðum sem eru yfir páska eða jól.

Breytingargjöld leggjast á eins og hér segir:

- 1-7 dögum frá því að bókun er gerð er hægt að breyta bókun án gjalds.
Breytingargjald leggst þó á ef ef minna en 6 vikur eru í brottför.
8 dögum frá því að bókun hefur verið gerð og fram að 2 vikum fyrir brottför er hægt að breyta bókun gegn 5000 kr. breytingargjaldi á hvern farþega í bókuninni.
 - o Undantekning á þessu er að ekki er hægt að breyta útflugi ef 3 vikur eða minna er í brottför.
 - o Ef breyta á um nafn á viðskiptavini í bókun leggst aðeins 5000 kr. á þau nöfn sem breytt eru.
- Ef minna en 6 vikur eru í brottför er ekki hægt að breyta um áfangastað

Athugið að:

- Breytingargjöld leggjast á í hvert skipti sem viðskiptavinur vill breyta bókun.
- Ef reglur samstarfsaðila okkar ganga lengra en að ofan greinir, gildir sú regla er lengst gengur.
- Ekki er hægt að breyta í lægra fargjald og fá mismun endurgreiddan. Ekki er unnt að breyta bókaðri ferð í tilboðsferð.
- Athugið að breytingar á áætlunarflugi fer eftir kaupskilmálum flugfélags.

AFPÖNTUN FERÐAR OG ENDURGREIÐSLA

Ef viðskiptavinur afþantar ferð hjá VITA þá er endurgreiðsla sem hér segir:

- Ferð afpöntuð inann við 7 dögum eftir að bókun var staðfest, en þó 6 vikum fyrir brottför, þá fær þá fær viðskiptavinur endugreitt að fullu (að frádregnu 5000 kr. þjónustugjaldi).
- Ferð afpöntuð 8 eða meira dögum eftir að bókun var staðfest, en þó 6 vikum fyrir brottför, þá fær viðskiptavinur endugreitt að fullu að undanskildu staðfestingargjaldi á mann.
- Ferð afpöntuð 28-42 dögum fyrir brottför þá heldur ferðaskrifstofan VITA eftir 50% af verði ferðar, þó aldrei lægra en staðfestingargjaldið á mann.
- Ferð afpöntuð meira en 8-27 dögum fyrir brottför þá heldur ferðaskrifstofan VITA eftir 75% af verði ferðar, þó aldrei lægra en staðfestingargjaldið á mann.
- Ferð afpöntuð minna en 7 dögum fyrir brottför þá er engin endurgreiðsla.
- Ferð afpöntuð innan við 7 dögum frá pöntun en minna en 6 vikum fyrir brottför ræður regla um fjölda daga fram að brottför.

Athugið að:

- Ef reglur samstarfsaðila okkar ganga lengra en að ofan greinir, gildir sú regla sem gengur lengra.
- Bendum sérstaklega á að til að fá skemmtisiglingu endurgreidda þarf að afbóka með minnst 60 daga fyrirvara.
- Sér afpöntunarskilmálar eru fyrir hóp
- Endurgreitt er inná það kreditkort sem greitt var með nema um annað sé samið sérstaklega

AFLÝSING OG BREYTINGAR Á FERÐAÁÆTLUN

Vegna atburða og aðstæðna sem telja má ófyrirsjáanlega og þess eðlis að ferðaskrifstofan getur á engan hátt haft áhrif á atburðarás, né afleiðingar tengdum þeim, ber ferðaskrifstofan enga ábyrgð. Í slíkum tilvikum er ferðaskrifstofunni heimilt að breyta eða aflýsa ferðinni með öllu, enda verði farþegum tilkynnt tafarlaust þar um.

Breyting á ferð

Geri ferðaskrifstofan breytingar á ferð áður en hún hefst skal tilkynna það farþega svo fljótt sem unnt er. Sé um verulega breytingu að ræða ber farþega að tilkynna ferðaskrifstofunni eins fljótt og unnt er hvort hann óski eftir að rifta samningnum eða gera viðbótasamning.

Aflýsing ferðar

Ferðaskrifstofunni er heimilt að aflýsa ferð, ef í ljós kemur að þátttaka er ekki næg. Í leiguflugi miðast lágmarkspátttaka við að a.m.k. 65% nýting sé í viðkomandi flugvél, bæði

á út- og heimflugi. Sé nýting tiltekinnar flugleiðar á ákveðnu tímabili (flugsería) að jafnaði undir 70% er ferðaskrifstofu heimilt að fella niður öll flug á tilteknu tímabili á þeirri flugleið (flugseríu), jafnvel þó lágmarkspáttaka hafi náðst í einstaka flugi.

Í sérferðum gildir að lágmarkspáttaka er 20 manns nema annað sé sérstaklega tilgreint í auglýsingum eða sölubæklingum.

TRYGGINGAR

Við hvetjum viðskiptavinum til að huga vel að tryggingamálum sínum áður en lagt er upp í ferð. Þegar ferð er greidd með greiðslukorti a.m.k. að hálfu fylgir oft með ferðatrygging frá greiðslukortafyrirtækjunum. Athugið að þessar tryggingar eru mjög mismunandi eftir tegund greiðslukorts. Kynnið ykkur vel skilmála hjá greiðslukortafyrirtækjunum.

Einnig er hægt er að sækja um sjúkratryggingakort hjá [Sjúkratryggingum](#)

Íslands - <http://www.sjukra.is/>

FERÐASKJÖL

Ferðaskjöl VITA innihalda allar þær þjónustur sem farþegi hefur keypt. Mikilvægt er að fara yfir ferðaskjöl fyrir ferð og sjá hvort að allt sé ekki eins og það á að vera. Ef vandamál koma upp þá er mikilvægt að láta starfsmenn okkar vita sem fyrst svo við getum brugðist við. Athugið að í einhverjum tilvikum gefur VITA sér allt að 4 daga til að laga bókanir. Við viljum einnig benda farþegum okkar að mikilvægt er að hafa ferðaskjöl meðferðis þegar ferðast er.

VEGABRÉF OG ÁRITANIR

Gætið vel að gildistíma vegabréfsins fyrir brottför.

Það er alfarið á ábyrgð farþegans að afla sér upplýsinga um og tryggja sér þau ferðaskilríki og áritanir sem þarf að hafa meðferðis fyrir það land sem ferðast er til. Áður en ferð hefst þarf að kanna hvort vegabréfsáritunar sé þörf eða annara skjala.

Upplýsingar er að finna á heimasíðu Utanríkisráðuneytisins (sjá link hér neðar). Ef um millilendingar er að ræða þarf einnig að athuga áritun á millilendingarstað. Gæta skal vel að gildistíma vegabréfsins fyrir brottför.

Athuga þarf einnig hvort vegabréf sé gilt nógu lengi því ákveðin lönd krefjast þess að vegabréf sé gilt í allt að 6 mánuði frá þeim degi sem landið er yfirgefið. Alltaf skal ferðast með vegabréf, jafnvel þegar ferðast er innan Schengen svæðisins. Vegabréfið er eina alþjóðlega viðurkennda opinbera skilríkið til annarra landa. Íslenskir ríkisborgarar sem ferðast til Bandaríkjanna verða að fylla út [ESTA umsókn](#) -

<https://www.icelandair.com/is/adstod/fyrir-flugid/apis-esta-eta/> með að minnsta kosti þriggja daga fyrirvara. Alltaf þarf að skoða gildar reglur um viðkomandi þjóðerni.

Á [vefsíðu utanríkisráðuneytisins](#) -

<https://www.stjornarradid.is/verkefni/utanrikismal/adstod-erlendis/undirbuningur-ferdalags/vegabrefsaritanir/> er að finna upplýsingar um reglur fyrir Íslendinga.

FLUGIÐ

Upplýsingar um brottfarar- og komutíma flugvéla fást í síma 50 50 500 allan sólarhringinn, í textavarpi bls. 420-421 og á [vef Keflavíkurflugvallar](#) - www.airport.is.

Brottfarartímar og flugtímar eru áætlaðir og háðir breytingum vegna veðurs og af tæknilegum orsökum. Mæting í Flugstöð Leifs Eiríkssonar á Keflavíkurflugvelli er í **síðasta lagi 2 klst. fyrir áætlaðan brottfarartíma**, hvort sem um er að ræða almenna innritun eða flýtiinnritun.

Í tengslum við allar flugferðir bjóðast rútuferðir frá nokkrum fyrirtækjum.

FARANGUR

Leiguflug með Icelandair: Innritaður farangur: 23 kg fyrir hvern farþega tveggja ára og eldri. Handfarangur: reglur Icelandair gilda.

Skíðabúnaður: Fyrir utan almenna farangursheimild má innrita eitt par af skíðum og skóm, (hámark 10 kg). Þessi þjónusta er gegn gjaldi í áætlunarflugi.

Golfbúnaður: Heimilt er að innrita golfsett (15 kg) en þá er farangursheimild 15 kg. Þessi þjónusta er einnig gegn gjaldi í áætlunarflugi.

Hér er hægt að lesa allt um farangur í Icelandair vélum:

<https://www.icelandair.com/is/adstod/farangur/>

Flug með öðrum flugfélögum, sjá vefsíðu viðkomandi flugfélags.

Á ÁFANGASTAÐ

AÐBÚNAÐUR - ÞJÓNUSTA

VITA ber ekki ábyrgð ef aðbúnaður og þjónusta gististaðanna er tímabundið ekki fyrir hendi, t.d. sökum bilana, lokunar á veitingastöðum eða viðgerða, t.d. ef sundlaug er lokuð vegna hreinsunar eða vegna endurnýjunar. Þótt misjafnlega sé staðið að þrifum á gististöðum ná þau oft á tíðum ekki að standa undir kröfum Íslendinga. **Komi upp óánægja með þrif á vistarverum skal tafarlaust hafa samband við stjórnendur viðkomandi gististaðar eða fararstjóra á staðnum ef þeir eru til staðar.** Í stúdíóum og íbúðum miðast eldhúsbúnaður við hámarks fjölda gesta. Gestir bera ábyrgð á eldhúsbúnaði ásamt öðrum húsbúnaði meðan þeir dvelja í íbúðum. Afföll og skemmdir skal gera upp við gististaðinn fyrir brottför.

HERBERGI – ÍBÚÐIR

Í sérsamningum VITA er miðað við ákveðna gerð herbergja/íbúða á hóteli en ekki allar gerðir herbergja sem í boði eru á hótelinu. Ef viðskiptavinur er óánægður með herbergi/íbúð við komu á hótél getur hann stundum fengið betra herbergi gegn aukagjaldi sem hann greiðir beint til hótelsins á staðnum.

Tveggja manna herbergi (tvíbýli) er ýmist með tveimur einstaklingsrúmum eða hjónarúmi (breidd 135 cm - 180 cm, allt eftir hótelum). Sum hótél bjóða eingöngu aðra hvora gerð tvíbýlisherbergja. Ef viðskiptavinur óskar sérstaklega eftir annarri hvorri gerð þarf að taka það fram við bókun og verður reynt að uppfylla þá ósk (sjá grein um séróskir hér neðar). Þriggja manna herbergi er í öllum tilfellum tveggja manna herbergi (ýmist með hjónarúmi eða tveimur rúmum) og aukarúmi fyrir þriðja mann. Aukarúmið getur verið einstaklingsrúm, svefnsófi eða færanlegt rúm ("roll away"). Þegar þriðja rúmið er komið inn, má gera ráð fyrir að fremur þröngt verði í herberginu.

Á gististöðum í Bandaríkjunum eru þriggja manna herbergi með tveimur hjónarúmum (á sumum hótelum er hægt að fá aukarúm gegn gjaldi sem greiðist á staðnum). Þriggja manna herbergi eru einkum ætluð fyrir fjölskyldur með börn.

Fjögurra manna herbergi eru með einu hjónarúmi og tveimur aukarúmum (sbr. lýsingu á aukarúmi í þriggja manna herbergi hér að framan) eða tveimur kojum. Á gististöðum í Bandaríkjunum eru fjögurra manna herbergi með 2 hjónarúmum.

GEYMSLA VERÐMÆTA

Við mælum eindregið með að viðskiptavinir geymi alls ekki peninga né annað verðmæti á herbergjum heldur nýti sér öryggishólf hótelanna, sem eru yfirleitt í gestamóttöku. Einstaka hótél bjóða öryggisskáp í herbergjum. Hvorki hótelin né VITA eru ábyrg ef verðmæti tapast úr herbergjum.

SÉRÓSKIR

VITA er umboðsaðili gististaða og hefur ekki yfirráð yfir gistirými. Yfirmenn gististaðanna sjá um niðurröðun gesta í herbergi/íbúðir. Starfsfólk VITA getur ekki ábyrgst að séróskum farþega sé fullnægt umfram það sem getið er um í gistilýsingum og verðlista. Séróskum farþega verður þó að sjálfsögðu komið á framfæri við viðkomandi gististað.

INNTRITUN Á GISTISTAÐ

Hin almenna starfsregla gististaða er að herbergi/íbúð er laus fyrir gesti á bilinu 12:00 - 17:00. Þegar herbergi/ eru ekki tilbúin, þegar gestir koma á gististað, er hægt í flestum tilfellum að fá farangur geymdan hjá burðarmönnum ("porters desk") hótelsins. (Verður stundum að greiða þóknun fyrir). Ef viðskiptavinur ætlar að innrita sig á hótél eftir kl. 18:00, verður hann að láta vita við bókun eða hringja á hótelið, því að skv. almennum starfsreglum gististaða ber þeim ekki að halda herbergi/íbúð eftir kl. 18:00.

YFIRBÓKUN HÓTELA/ÍBÚÐA

Samkvæmt starfsreglum gististaða hafa hótél og íbúðahótél leyfi til að yfirbóka gistirými til að mæta eðlilegum afföllum í pöntunum. Stundum kemur upp sú staða að gististaðir hafa ekki pláss fyrir alla þá viðskiptavini sem eiga staðfestar pantanir. Gististaðirnir eru þá skyldugir til að útvega viðskiptavinum, sem ekki fá inni, sambærilegt eða betra hótél. **VITA ber ekki ábyrgð á yfirbókunum hótela, en aðstoðar farþega eftir föngum.**

SKIL Á HERBERGJUM - ÍBÚÐUM

Almenna starfsreglan er sú að rýma þarf herbergi/íbúð milli kl.10:00 -12:00 á brottfarardegi. Ef óskað er eftir að halda herbergi/íbúð lengur er það stundum hægt gegn gjaldi sem greiðist á staðnum. Ef viðskiptavinur fer með kvöldflugi er hægt að fá farangur geymdan hjá burðarmönnum hótelsins ("porters desk") og verður þá stundum að greiða þóknun fyrir.

VANDAMÁL

Ef af einhverjum ástæðum koma upp vandamál í ferðinni skal tafarlaust hafa samband við fararstjóra þar sem þeir eru. Þeir munu reyna að greiða úr hvers manns vanda og gera það sem í þeirra valdi stendur til að leysa málið á staðnum. Takist það ekki svo viðunandi sé að mati farþega skal hann snúa sér til VITA, strax eftir komuna til landsins eða í síðasta lagi innan mánaðar frá því að viðkomandi ferð lauk, að öðrum kosti verða hugsanlegar bótakröfur ekki teknar til greina. Vinsamlegast athugið að athugasemdir viðskiptavina verður að leggja fram skriflega svo að þær fái eðlilega afgreiðslu.

- Athugið ef ekki er haft samband við fararstjóra eða ferðaskrifstofu ef vandamál kemur upp, þá getur verið ómögulegt fyrir okkur að aðhafast í málinu og því bótakröfur mögulega felldar niður.

SKYLDUR VIÐSKIPTAVINA

Ávallt skal fara að lögum og reglum í þeim löndum sem ferðast er til. Viðskiptavinir skulu hlíta fyrir mælum fararstjóra eða starfsfólks þeirra aðila sem VITA skiptir við og taka tillit til samferðarmanna sinna.

Brjóti farþegi af sér er VITA heimilt að senda viðkomandi heim á eigin kostnað, án endurkröfuréttar á hendur ferðaskrifstofunnar.

VITA hefur heimild til að neita einstaklingum um þjónustu Viðskiptavinnur ber ábyrgð á því tjóni sem hann kann að valda með framkomu sinni. Þeir sem ekki mæta á réttum tíma hvort sem er í flug eða aðrar ferðir hafa fyrirgert rétti sínum til bóta, verði hann af ferðinni af þeim sökum.

ÖNNUR ÞJÓNUSTA

VITA er í samvinnu við ýmsa aðila í ferðaþjónustu sem leigja t.d. sumarhús eða selja alferðir sem hefjast í öðrum löndum. Þessir aðilar hafa mismunandi skilmála, t.d. varðandi bókunarfyrirvara, innborganir, tryggingu, afpöntun og fleira. Þar sem þeirra skilmálar ganga lengra en skilmálar VITA gilda þeir skilmálar sem lengst ganga.

BÍLALEIGUR

VITA er umboðsaðili fyrir bílaleigur en ber ekki ábyrgð vanefndum eða mistökum slíkra fyrirtækja sem ekki hafa orðið vegna mistaka hjá VITA. Fáð upplýsingar hjá sölumönnum eða fararstjórum um lágmarksaldur ökumanns og hvaða takmarkanir eru á akstri milli landa. Athugið að leigutaki verður að hafa meðferðis kreditkort, skráð á sitt nafn og gilt ökuskrá. Ekki er hægt að staðfesta ákveðna bílategund heldur er staðfestur flokkur. Tegundir bíla sem eru til innan hvers flokks geta breyst með litlum fyrirvara. VITA ber ekki ábyrgð ef bíll í staðfestum bílaflokki er ekki til, það er á ábyrgð bílaleigu að leysa slíkt með því að láta leigutaka í té bíl í öðrum flokki án þess að hann beri aukakostnað. Áriðandi er að kynna sér vel hvað er innifalið í fyrirframgreiddu gjaldi fyrir bíl og hvernig tryggingamálum er háttað. Í sumum tilfellum eru í boði viðbótartryggingar sem leigutaki semur um kaup á beint við bílaleiguna og greiðir á staðnum. Áriðandi er að leigutaki viti að víða er ekki hægt að kaupa af sér alla sjálfsábyrgð, hann ber ábyrgð upp að vissri upphæð ef óhapp verður.

Nauðsynlegt er því að leigutaki skoði bílinn vel þegar hann tekur við honum og láti skrá t.d. ef einhverjar rispur sjást.

Við mælum eindregið með að einhver frá bílaleigunni sé fenginn til að skoða bílinn þegar honum er skilað. Góð regla er að skila bíl fullum af bensíni (geymið kvittun fyrir bensíninu)

Þar sem það er oft töluvert dýrara að kaupa það hjá bílaleigunum þegar ekki hefur verið valið að kaupa fullan tank fyrirfram. Leigudagur miðast við 24 tíma, ef farið er 59 mín fram yfir umsaminn leigutíma greiðist aukadagur á fullu verði. Þarna hefst nýtt leigutímabil sem leigutaki semur um beint við bílaleiguna á viðkomandi leigustað. Aðgætið vel hvað þið skrifið undir á leigusamningnum.

ALMENNAR UPPLÝSINGAR Á VEFSÍÐU OG Í BÆKLINGUM VITA

Upplýsingar um merkisstaði, söfn, veitingastaði, skemmtistaði, skemmtigarða, verslanir, afgreiðslutíma verslana, einstaka viðburði, dagsetningar þeirra, verðlag og ýmis önnur atriði eru fengnar frá þriðja aðila, byggðar á nýjustu heimildum m.a. frá ferðamálaráðum og ýmsum þjónustuaðilum viðkomandi landa og birtast með þeim fyrirvara af hálfu VITA að eitthvað kann að hafa breyst frá því að þessar heimildir voru gefnar út.

Allt efni og allar upplýsingar á heimasíðu VITA eru settar fram eftir bestu vitund. VITA setur fyrirvara við rangfærslur, villur og/eða mistök sem eru mögulegar settar fram á vefsíðunni VITA.is og tekur ekki ábyrgð á slíkum villum.

VITA ábyrgist ekki upplýsingar sem fram koma á netföngum sem gefin eru upp í bæklingum eða vefsíðu.

Ferðaskrifstofan VITA áskilur sér rétt til að breyta öllum upplýsingum sem fram koma á heimasíðunni, sem og þessum skilmálum, án nokkurs fyrirvara.

VERÐ, VERÐBREYTINGAR OG SKILMÁLAR

Uppgefin verð miðast við gengi USD, EUR og eldsneytisverð á tilteknum degi og geta breyst til samræmis við breytingar sem kunna að verða á eftirtöldum þáttum:

- a) Flutningskostnaði, þar með talið eldsneytisverði
- b) Álögum, sköttum eða sérgreiðslum fyrir tiltekna þjónustu, t.d. lendingargjöld
- c) Gengisbreytingum
- d) Skilmálum og viðskiptareglum greiðslukorta

Verðhækkanir/lækkunir:

VITA áskilur sér rétt til að hækka/lækka verð ef forsendur útreikninga breytast verulega. Hafi ferð verið lækkuð getur hún því mögulega hækkað aftur ef forsendur breytast og öfugt.

VITA áskilur sér rétt til að leiðrétta villur sem kunna að leynast í bókunarkerfi, verðum, bæklingum, auglýsingum eða á vef VITA.

VITA áskilur sér rétt til að lækka verð á nýjum bókunum, skömmu fyrir brottför, án þess að til komi afsláttur á áður bókaðar ferðir/pakka.

Athugið að einstaklingum undir 18 ára er ekki heimilt að versla þjónustu frá VITA án þess að skriflegt samþykki forráðamanns liggi fyrir hjá ferðaskrifstofunni.

Að öðru leyti en hér greinir gilda lög um pakkaferðir og samtengda ferðatilögun –

2018 nr. 95 25. Júní - <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2018095.html>

SKILMÁLAR FERIA UM PERSÓNUVERND OG MEÐFERÐ PERSÓNUUPPLÝSINGA

Með því að nota vefsíðu, vörur eða þjónustu Feria veitir þú samþykki þitt fyrir þessum skilmálum, sbr. 1. tl. 1. mgr. 8. gr. laga um persónuvernd nr. 77/2000 (lögin). Hugtök skulu hafa sömu merkingu í skilmálum þessum og þau hafa í lögunum. Í samþykki þínu felst að Feria safni og vinni persónuupplýsingar í samræmi við þessa skilmála, eða eftir því sem lög heimila hverju sinni. Feria safnar persónuupplýsingum sem viðskiptavinir skrá á vefsíðu félagsins, auk upplýsinga um hvernig þeir nota vefsíður Feria, t.d. með notkun smákaka (e. cookies).

Persónuupplýsingum er eftir atvikum einnig safnað við bókanir, verslun, pantanir, greiðslu, innritun og vegna afhendinga á miðum. Tilgangur söfnunarinnar er að greiða fyrir bókhaldi, útsendingu reikninga og endurskoðun, útgáfu miða og sannreynslu greiðslukorta. Gögnin kunna að vera notuð til að auka öryggi við útlendingaeftirlit og tollgæslu ef þess er krafist samkvæmt lögum og við umsýslu, gæðaeftirlit, í markaðslegum tilgangi og í lagalegum tilgangi. Upplýsingar eru einnig notaðar í tengslum við fríðindi til viðskiptavina, við prófanir, viðhald, þjónustu við viðskiptavini og í tengslum við aðrar upplýsingar vegna ferðalaga. Feria kann að nýta persónuupplýsingar við markaðssetningu, kynningarstarfsemi og markaðsgreiningar. Þegar þú skráir þig fyrir tilboðum, kaupir þjónustu, bókar flug eða ferðir hjá Feria samþykkir þú að fá sent markaðsefni reglulega.

Feria er heimilt að beina markaðssetningu að aðilum sem hafa samþykkt þessa skilmála, þrátt fyrir að þeir séu bannmerktir í þjóðskrá. Viðskiptavinir geta þó ávallt afþakkað

samskipti vegna markaðssetningar félagsins. Félaginu er þó ætíð heimilt að hafa samband við viðskiptavinina sína vegna tiltekinna viðskipta, svo sem vegna áminninga um bókanir eða ferðir, jafnvel þótt þeir séu bannmerktir í Þjóðskrá og hafi afþakkað samskipti vegna markaðssetningar félagsins.

Feria kann að fela samstarfsaðilum sínum aðgang að eða vinnslu persónuupplýsinga. Það er þó eingöngu heimilt séu málefnaleg eða lagaleg sjónarmið sem liggja því að baki.

Jafnframt er FERIA heimilt að halda utan um viðskiptamannaskrá og afhenda hana öðrum til frekari vinnslu, enda sé tryggt að farið sé með upplýsingarnar í samræmi við gildandi lög og reglur hverju sinni. Viðskiptavinir FERIA eiga rétt á að rangar, villandi eða ófullkomnar persónuupplýsingar séu leiðréttar, við þær aukið eða þeim eytt. Viðskiptavinir eiga rétt á að persónuupplýsingum sé eytt, ef ekki er lengur málaefnaleg ástæða til að varðveita þær.

Undantekning á þessu eru persónuupplýsingar sem félaginu ber skylda til að varðveita samkvæmt lögum eða öðrum reglum.

Feria safnar aldrei né vinnur persónuupplýsingar nema með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti og gætir þess jafnframt að öll meðferð þeirra sé í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga.

Að því leyti sem þessum skilmálum sleppir gilda viðeigandi lög og reglur hverju sinni. Ábyrgðaraðili skv. 2. mgr. 7. gr. laganna, sbr. einnig 1. tl. 1. mgr. 20. gr. er: